BARNAVERNDARSTOFA

# Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2020

Birt í janúar 2022

# Efnisyfirlit


*Yfirlit yfir töflur* ..... III
*Yfirlit yfir myndir* ..... III

**INNGANGUR** ..... **4**

**1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL** ..... **6**

1.1 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA ..... 6
1.2 FJÖLDI BARNAVERNDARNEFNDA OG STARFSFÓLKS EFTIR ÍBÚAFJÖLDA Í UMDÆMUM ..... 7
1.3 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA EFTIR LANDSHLUTUM OG STÆRÐ UMDÆMA BARNAVERNDARNEFNDA ..... 8
1.4 ALDUR OG KYN BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR ..... 9
1.5 HEIMILISAÐSTÆÐUR BARNA ..... 10
1.6 ERLENDUR UPPRUNI BARNA ..... 10

**2 TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA** ..... **11**

2.1 FJÖLDI TILKYNNINGA ..... 11
2.2 HVER TILKYNNIR TIL BARNAVERNDARNEFNDA? ..... 11
2.3 TILKYNNINGAR SEM BÁRUST Í GEGNUM NEYÐARLÍNUNA 112 ..... 12
2.4 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA ..... 13
2.5 FJÖLDI TILKYNNENDA SEM ÓSKA EFTIR NAFNLEYND ..... 14
2.6 FJÖLDI TIKYNNINGA, FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNT VAR UM OG KÖNNUN MÁLS ..... 15
2.7 FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNT VAR UM OG HLUTFALL BARNA ÞAR SEM ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HEFJA KÖNNUN Í KJÖLFAR TILKYNNINGAR EFTIR LANDSHLUTUM ..... 16
2.8 NIÐURSTAÐA KÖNNUNAR ..... 17

**3 ÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA** ..... **18**

3.1 SKRIFLEGAR ÁÆTLANIR ..... 18
3.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA ÁN TÖKU BARNS AF HEIMILI ..... 18
3.3 FJÖLDI BARNA SEM RÁÐSTAFAÐ VAR UTAN HEIMILIS ..... 19
3.4 BÖRN SEM FÓRU Í FÓSTUR SAMKVÆMT ÁRSSKÝRSLUM BARNAVERNDARNEFNDA ..... 20

**4 ÚRSKURÐIR OG AÐRAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA** ..... **21**

4.1 FORSJÁRSVIPTINGAR ..... 21
4.2 UMSAGNIR VEGNA ÆTTLEIÐINGAR ..... 22

**VIÐAUKI** ..... **23**

YFIRLIT BARNAVERNDARNEFNDA 2020 ..... 23

## Yfirlit yfir töflur


TAFLA 1-1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL ........ 6
TAFLA 1-2 FJÖLDI BARNAVERNDARNEFNDA OG STARFSFÓLKS EFTIR ÍBÚAFJÖLDA Í UMDÆMUM[1] ........ 7
TAFLA 1-3 FJÖLDI BARNAVERNDARMÁLA[1] EFTIR STÆRÐ UMDÆMA BARNAVERNDARNEFNDA ........ 8
TAFLA 1-4 ALDUR[1] OG KYN BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR ........ 9
TAFLA 1-5 HEIMILISAÐSTÆÐUR BARNA[1] ........ 10
TAFLA 1-6 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA ........ 10
TAFLA 2-1 FJÖLDI TILKYNNINGA ........ 11
TAFLA 2-2 TILKYNNINGAR[1] TIL BARNAVERNDARNEFNDA ........ 12
TAFLA 2-3 TILKYNNINGAR SEM BÁRUST Í GEGNUM NEYÐARLÍNUNA 112 ........ 12
TAFLA 2-4 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA[1] ........ 13
TAFLA 2-6 FJÖLDI TILKYNNENDA SEM ÓSKA EFTIR NAFNLEYND ........ 14
TAFLA 2-7 YFIRLIT YFIR TILKYNNINGAR, FJÖLDA BARNA OG KANNANIR[1] ........ 15
TAFLA 2-8 FJÖLDI BARNA SEM TILKYNNT VAR UM OG HLUTFALL BARNA ÞAR SEM ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HEFJA KÖNNUN Í KJÖLFAR TILKYNNINGAR EFTIR LANDSHLUTUM ........ 16
TAFLA 2-9 NIÐURSTAÐA KÖNNUNAR ........ 17
TAFLA 2-10 FJÖLDI BARNA SEM RÆTT VAR VIÐ Í KÖNNUN MÁLS ........ 17
TAFLA 3-1 SKRIFLEGAR ÁÆTLANIR ........ 18
TAFLA 3-2 STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA ÁN TÖKU BARNS AF HEIMILI[1] ........ 18
TAFLA 3-3 FJÖLDI BARNA SEM RÁÐSTAFAÐ VAR UTAN HEIMILIS ........ 19
TAFLA 3-4 BÖRN SEM FÓRU Í FÓSTUR SAMKVÆMT ÁRSSKÝRSLUM BARNAVERNDARNEFNDA[1] ........ 20
TAFLA 4-1 FJÖLDI BARNA ÞAR SEM BARNAVERNDARNEFND EÐA DÓMSTÓLAR ÚRSKURÐUÐU OG ÝMSAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA ........ 21
TAFLA 4-2 KRÖFUR FYRIR DÓMI UM SVIPTINGU FORSJÁR ........ 21
TAFLA 4-3 UMSAGNIR VEGNA ÆTTLEIÐINGAR[1] ........ 22
TAFLA 0-1 BARNAVERNDARNEFNDIR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2020 ........ 24


## Yfirlit yfir myndir


MYND 1-1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL – FJÖLDI ELDRI OG NÝRRA MÁLA ........ 6
MYND 1-2 ALDURSDREIFING BARNA SEM NEFNDIRNAR HÖFÐU TIL MEÐFERÐAR Á ÁRUNUM 2016–2020 Í PRÓSENTUM ........ 9
MYND 2-1 FJÖLDI TILKYNNINGA ........ 11
MYND 2-2 HLUTFALL TILKYNNENDA OPINBERIR AÐILAR EÐA AÐRIR EN OPINBERIR AÐILAR. ........ 12
MYND 2-3 ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA ........ 13
MYND 4-1 KRÖFUR UM SVIPTINGU FORSJÁR ........ 22

# Inngangur

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu, sem hefur m.a. það hlutverk að samhæfa og efla barnaverndarstarf í landinu. Samantekt sú sem hér er birt tekur til tölulegra upplýsinga vegna ársins 2020 frá barnaverndarnefndum á Íslandi, sem voru 27 talsins, með tölulegum samanburði við árin 2016 - 2019. Samkvæmt barnaverndarlögum skulu barnaverndarnefndir fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Byggir samantekt þessi á umræddum skýrslum nefndanna, sem bárust Barnaverndarstofu á tímabilinu febrúar til júlí 2021. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins koma fram í kafla 1.2. og viðauka I.

Tölurnar, sem fram koma í samantekt þessari sýna meðal annars eftirfarandi:

**Barnaverndarmál**
Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að barnaverndarmálum hefur fjölgað jafnt og þétt, þ.e.a.s. sífellt fleiri tilkynningar leiða til könnunar máls. Mál tæplega 67% barna sem tilkynnt var um á árinu 2020 fóru í könnun eða voru opin barnaverndarmál. Þetta hlutfall hefur verið svipað frá árinu 2016, fór hæst í 69% árið 2018. Nýjum könnunum á árinu 2020 fjölgaði um 7,3% miðað við árið á undan.
Heildarfjöldi barnaverndarmála árið 2020 var 6.449 börn en sú tala segir okkur að barnaverndin á Íslandi hafði til meðferðar rúmlega 7,8% af heildarfjölda barna á Íslandi á árinu 2020. Hlutfall drengja er aðeins hærra en stúlkna þegar heildarfjöldi barnaverndarmála er skoðaður og hlutfall barna af erlendum uppruna hefur aukist undanfarin ár úr 21% á árinu 2016 í 24,1% á árinu 2020.

**Tilkynningar**
Tilkynningum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Fjöldi tilkynninga á árinu 2020 var 13.183 tilkynningar, sem er rúmlega 15,9% fjölgun frá árinu á undan. Hins vegar er fjölgunin frá árinu 2016 um 41%.

Eðli málsins samkvæmt geta árlegar sveiflur á milli sveitarfélaga eða landshluta verið hlutfallslega meiri eða minni en breytingar á milli ára eru á landsvísu. Árið 2019 fjölgaði tilkynningum til dæmis um 13,7% í Reykjavík, um 16,8% í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og á landsbyggðinni um 18,1%.

Helstu ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2020 að 43,2% tilkynninga voru vegna vanrækslu, 28,5% vegna ofbeldis, 27,1% vegna áhættuhegðunar barns og 1,1% þar sem heilsu og lífi ófædds barns var í hættu. Síðastliðin ár hafa fleiri tilkynningar borist vegna áhættuhegðunar barna en vegna ofbeldis. Er eðli tilkynninga því óvenjulegt miðað við árin á undan.

Sé miðað við árið á undan þá fjölgaði í öllum flokkum tilkynninga en hlutfallslega minnst vegna áhættuhegðunar.

Tilkynningum í flokknum „þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu hefur fjölgað á sl. árum en slíkum tilkynningum fjölgaði um tæp 27% á milli áranna 2019 og 2020.

Tilkynningum vegna ofbeldis fjölgaði einnig á milli ára. Árið 2020 bárust 27,4% fleiri tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis. Þar af voru tæpur helmingur tilkynninga vegna heimilisofbeldis. Tilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgaði um 18,4% á milli áranna 2020 og 2019. Tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis fjölgaði um 29,7% á milli ára.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu sem fyrr og tilkynningar frá opinberum aðilum voru 67% sem er lægra hlutfall en hefur verið undanfarin ár.

Oft berst fleiri en ein tilkynning vegna sama barns og því gefur fjöldi barna að baki tilkynningunum annað sjónarhorn við mat á stöðu mála. Alls vörðuðu tilkynningar 6.704 börn á árinu 2020 og eru það fleiri börn en árið á undan þegar tilkynningar voru 11.370 og börnin 5.936.

**Úrræði**
Markmið barnaverndarstarfs er m.a. að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita viðeigandi úrræðum til verndar einstökum börnum. Það kemur því ekki á óvart að í þorra barnaverndarmála tekst gott samstarf á milli foreldra og barnaverndarnefnda þótt það sé ekki ætíð svo.

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Gera á skriflega áætlun

í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs). Ljóst er að vanhöld eru á því að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir, en fjöldi áætlana er færri en fjöldi barnaverndarmála gefur til kynna að þær ættu að vera.

Á meðal athyglisverðustu upplýsinga frá barnaverndarnefndum er sú fjölgun sem verður á kröfum um forsjársviptingar árin 2016-2020. Á árunum 2016-2019 voru málin 27-42 en 52 árið 2020.

Á árinu 2020 var 127 börnum ráðstafað í fóstur, auk þess sem tímabundið fóstur breyttist í varanlegt fóstur hjá 39 börnum á árinu. Eru það heldur fleiri ráðstafanir en undanfarin ár.

# 1 Yfirlit yfir barnaverndarmál

## 1.1 Fjöldi barnaverndarmála

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar nefndin ákveður að kanna efni hennar. Barnaverndarmálum hefur farið fjölgandi frá árinu 2016 og voru þau 6.449 á árinu 2020. Hlutfall nýrra barnaverndarmála var 51,7% af heildarfjölda barnaverndarmála árið 2020.

**Tafla 1-1 Yfirlit yfir barnaverndarmál**

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Fjöldi nýrra barnaverndarmála á árinu | 2.715 | 51,1 | 2.678 | 50,8 | 2.828 | 51,4 | 2.992 | 52,1 | 3.336 | 51,7 |
| Fjöldi eldri barnaverndarmála | 2.601 | 48,9 | 2.594 | 49,2 | 2.675 | 48,6 | 2.748 | 47,9 | 3.113 | 48,3 |
| Samtals barnaverndarmál[1] | 5.316 | 100,0 | 5.272 | 100,0 | 5.503 | 100,0 | 5.740 | 100,0 | 6.449 | 100,0 |

[1]Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar nefndin ákveður kanna efni hennar.




**Mynd 1-1 Yfirlit yfir barnaverndarmál – fjöldi eldri og nýrra mála**




**Mynd 1-2 Yfirlit yfir barnaverndarmál – heildarfjöldi mála**

## 1.2 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks eftir íbúafjölda í umdæmum

Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er heimilt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Við lok árs 2020 voru barnaverndarnefndirnar 27 og þar af sinntu 16 félagsmála/fjölskyldunefndir verkefnum barnaverndarnefnda. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1.500.

Fjöldi stöðugilda hefur aukist síðastliðin ár, úr 100 á árinu 2016 í 136,65 á árinu 2020. Frá árinu 2019 hefur barnaverndarstarfsmönnum fjölgað um 11. Meirihluti starfsfólks barnaverndarnefnda eru konur eða 89,7%.

**Tafla 1-2 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsfólks eftir íbúafjölda í umdæmum[1]**

| Íbúafj. | 2016 | | | | 2017 | | | | 2018 | | | | 2019 | | | | 2020 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi nefnda | Starfs–menn | Stöðu–gildi | Meðal–fjöldi stöðu–gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs–menn | Stöðu–gildi | Meðal–fjöldi stöðu–gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs–menn | Stöðu–gildi | Meðal–fjöldi stöðu–gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs–menn | Stöðu–gildi | Meðal–fjöldi stöðu–gilda á nefnd | Fjöldi nefnda | Starfs–menn | Stöðu–gildi | Meðal–fjöldi stöðu–gilda á nefnd |
| Heildarfj. | 27 | 136 | 100,05 | 3,7 | 27 | 147 | 105,3 | 3,9 | 27 | 150 | 113,25 | 4,2 | 27 | 154 | 121,55 | 4,5 | 27 | 165 | 136,65 | 5,1 |
| 1000–1999 íbúar | 2 | 2 | 0,7 | 0,4 | 2 | 4 | 1,1 | 0,6 | 2 | 5 | 1,1 | 0,6 | 2 | 4 | 1,1 | 0,6 | 2 | 4 | 1,1 | 0,6 |
| 2000–2999 íbúar | 2 | 5 | 1,3 | 0,7 | 2 | 5 | 1,3 | 0,7 | 2 | 5 | 1,5 | 0,8 | 2 | 6 | 1,25 | 0,6 | 2 | 6 | 1,25 | 0,6 |
| 3000–3999 íbúar | 3 | 9 | 3,5 | 1,2 | 3 | 10 | 4,0 | 1,3 | 3 | 9 | 3,5 | 1,2 | 3 | 10 | 4,1 | 1,4 | 3 | 10 | 4,3 | 1,4 |
| 4000–4999 íbúar | 8 | 25 | 14,2 | 1,8 | 7 | 23 | 12,4 | 1,8 | 5 | 18 | 10,05 | 2,0 | 6 | 24 | 12,39 | 2,1 | 5 | 18 | 11,2 | 2,2 |
| Yfir 5000 íbúar | 12 | 95 | 80,35 | 6,7 | 13 | 105 | 86,5 | 6,7 | 15 | 113 | 97,1 | 6,5 | 14 | 110 | 102,71 | 7,3 | 15 | 127 | 118,8 | 7,9 |

[1]Í barnaverndarlögum er gerð krafa um að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega, þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga. Upplýsingar um stöðugildi geta verið úr áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

## 1.3 Fjöldi barnaverndarmála eftir landshlutum og stærð umdæma barnaverndarnefnda

Í töflunni kemur fram að barnaverndarnefndir höfðu afskipti af um 68 börnum á árinu 2018, um 71 barni af hverjum þúsund árið 2019 og um 78 börnum af hverjum þúsund árið 2020 (sjá *töflu 1–3)*. Meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn er hæstur hjá sveitarfélögum með 1000–1999 íbúa á árinu 2020, en lægstur hjá sveitarfélögum með 3000–3999 íbúa.

**Tafla 1-3 Fjöldi barnaverndarmála[1] eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda**

| Íbúafjöldi umdæmis | Fjöldi nefnda 2016 | Fjöldi nefnda 2017 | Fjöldi nefnda 2018 | Fjöldi nefnda 2019 | Fjöldi nefnda 2020 | Heildar–fjöldi mála 2016 | Heildar–fjöldi mála 2017 | Heildar–fjöldi mála 2018 | Heildar–fjöldi mála 2019 | Heildar–fjöldi mála 2020 | Meðal–fjöldi á nefnd 2016 | Meðal–fjöldi á nefnd 2017 | Meðal–fjöldi á nefnd 2018 | Meðal–fjöldi á nefnd 2019 | Meðal–fjöldi á nefnd 2020 | Meðal–fjöldi/ þús. börn 2016 | Meðal–fjöldi/ þús. börn 2017 | Meðal–fjöldi/ þús. börn 2018 | Meðal–fjöldi/ þús. börn 2019 | Meðal–fjöldi/ þús. börn 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1000–1999 íbúar | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 30 | 51 | 91 | 76 | 90 | 15,0 | 25,5 | 45,5 | 38,0 | 45 | 39,6 | 68,9 | 126,9 | 106,4 | 122,3 |
| 2000–2999 íbúar | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 43 | 39 | 57 | 56 | 75 | 21,5 | 19,5 | 28,5 | 28,0 | 37,7 | 45,9 | 42,9 | 65,4 | 63,1 | 88,7 |
| 3000–3999 íbúar | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 118 | 110 | 128 | 127 | 144 | 39,3 | 36,7 | 42,7 | 42,3 | 48 | 45,6 | 42,5 | 49,6 | 49,1 | 56,4 |
| 4000–4999 íbúar | 8 | 7 | 5 | 6 | 5 | 709 | 691 | 474 | 552 | 501 | 88,6 | 98,7 | 94,8 | 92,0 | 100,2 | 86,5 | 94,7 | 91,8 | 90,1 | 96,4 |
| Yfir 5000 íbúar | 12 | 13 | 15 | 14 | 15 | 4.416 | 4.381 | 4.753 | 4.929 | 5639 | 368,0 | 337,0 | 316,9 | 352,1 | 352,4 | 65,6 | 63,6 | 66,6 | 69,4 | 77,1 |
| Heildarfjöldi | 27 | 27 | 27 | 27 | 27 | 5.316 | 5.272 | 5.503 | 5.740 | 6.449 | 196,9 | 195,3 | 203,8 | 212,6 | 238,9 | 66,6 | 65,6 | 68,2 | 70,5 | 78,2 |

[1]Hér er átt við fjölda barna/ófæddra barna. Eitt barn = eitt mál.

## 1.4 Aldur og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar

Árið 2020 voru drengir fleiri en stúlkur og er það í samræmi við árin á undan. Hjá drengjum var aldurshópurinn 6-10 ára algengastur en hjá stúlkum var það aldurshópurinn 11-14 ára. Um 1% barnaverndarmála voru vegna ófæddra barna.

**Tafla 1-4 Aldur[1] og kyn barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar**

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Drengir 0–5 ára | 779 | 14,7 | 745 | 14,1 | 727 | 13,2 | 741 | 12,9 | 821 | 12,9 |
| Drengir 6–10 ára | 796 | 15,0 | 806 | 15,3 | 776 | 14,1 | 802 | 14,0 | 947 | 14,9 |
| Drengir 11–14 ára | 605 | 11,4 | 655 | 12,4 | 717 | 13,0 | 774 | 13,5 | 827 | 13,0 |
| Drengir 15–17 ára | 511 | 9,6 | 517 | 9,8 | 548 | 10,0 | 600 | 10,5 | 673 | 10,6 |
| Drengir 18–19 ára[1] | 58 | 1,1 | 40 | 0,8 | 76 | 1,4 | 79 | 1,4 | 80 | 1,3 |
| Drengir alls | 2.749 | 51,7 | 2.763 | 52,4 | 2.844 | 51,7 | 2.996 | 52,2 | 3.348 | 52,5 |
| | | | | | | | | | | |
| Stúlkur 0–5 ára | 672 | 12,6 | 649 | 12,3 | 714 | 13,0 | 690 | 12,0 | 706 | 11,1 |
| Stúlkur 6–10 ára. | 680 | 12,8 | 665 | 12,6 | 724 | 13,2 | 713 | 12,4 | 738 | 11,6 |
| Stúlkur 11–14 ára | 520 | 9,8 | 564 | 10,7 | 600 | 10,9 | 675 | 11,8 | 822 | 12,9 |
| Stúlkur 15–17 ára | 561 | 10,6 | 530 | 10,1 | 499 | 9,1 | 535 | 9,3 | 612 | 9,6 |
| Stúlkur 18–19 ára[2] | 78 | 1,5 | 44 | 0,8 | 67 | 1,2 | 82 | 1,4 | 82 | 1,3 |
| Stúlkur alls | 2.511 | 47,2 | 2.452 | 46,5 | 2.604 | 47,3 | 2.695 | 47,0 | 2.960 | 46,4 |
| Barn utan kynjatvíhyggju | - | - | - | - | - | - | - | - | 1 | <0,1 |
| Ófædd börn | 56 | 1,1 | 57 | 1,1 | 55 | 1,0 | 49 | 0,9 | 67 | 1,1 |
| Samtals | 5.316 | 100,0 | 5.272 | 100,0 | 5.503 | 100,0 | 5.740 | 100,0 | 6..376 | 100,0 |

[1]Aldur barns er miðaður við fæðingarár, t.d. eru 18 ára börn þau börn sem verða 18 ára á því ári sem fjallað er um.
[2]Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli barnaverndarlaga haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.




| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| 0-5 ára | 27,3 | 26,4 | 26,2 | 24,9 | 24,0 |
| 6-10 ára | 27,8 | 27,9 | 27,3 | 26,4 | 26,4 |
| 11-14 ára | 21,2 | 23,1 | 23,9 | 25,2 | 25,9 |
| 15-17 ára | 20,2 | 19,9 | 19,0 | 19,8 | 20,2 |
| 18-19 ára | 2,6 | 1,6 | 2,6 | 2,8 | 2,5 |
| Ófædd börn | 1,1 | 1,1 | 1,0 | 0,9 | 1,1 |

**Mynd 1-2 Aldursdreifing barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar á árunum 2016–2020 í prósentum**

## 1.5 Heimilisaðstæður barna

**Tafla 1-5 Heimilisaðstæður barna**[1]

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Hjá kynforeldrum | 1.974 | 37,5 | 2.058 | 39,5 | 2.112 | 38,8 | 2.223 | 39,1 | 2.426 | 38,4 |
| Hjá móður | 1.964 | 37,3 | 1.814 | 34,8 | 1.906 | 35,0 | 2.064 | 36,3 | 2.344 | 37,1 |
| Hjá föður | 236 | 4,5 | 501 | 9,6 | 233 | 4,3 | 491 | 8,6 | 319 | 5,0 |
| Til skiptis hjá móður/föður | 233 | 4,4 | 236 | 4,5 | 257 | 4,7 | 262 | 4,6 | 299 | 4,7 |
| Hjá móður og stjúpforeldri | 505 | 9,6 | 103 | 2,0 | 484 | 8,9 | 111 | 1,9 | 552 | 8,7 |
| Hjá föður og stjúpforeldri | 103 | 2,0 | 250 | 4,8 | 98 | 1,8 | 300 | 5,3 | 119 | 1,9 |
| Hjá fósturforeldrum | 152 | 2,9 | 200 | 3,8 | 138 | 2,5 | 188 | 3,3 | 161 | 2,5 |
| Hjá ættingjum | 63 | 1,2 | 0 | 0,0 | 65 | 1,2 | 0 | 0,0 | 56 | 0,9 |
| Á stofnun | 15 | 0,3 | 18 | 0,3 | 9 | 0,2 | 17 | 0,3 | 8 | 0,1 |
| Annars staðar | 15 | 0,3 | 35 | 0,7 | 146 | 2,7 | 35 | 0,6 | 33 | 0,5 |
| *Samtals fjöldi barna* | *5.260* | *100,0* | *5.215* | *100,0* | *5.448* | *100,0* | *5.691* | *100,0* | *6.317* | *100,0* |
| | | | | | | | | | | |

[1]Ekki eru skráðar heimilisaðstæður ófæddra barna

## 1.6 Erlendur uppruni barna

**Tafla 1-6 Hlutfall barna af erlendum uppruna**

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| | % | % | % | % | % |
| Hlutfall barna af erlendum uppruna[1] | 21,0 | 22,1 | 21,5 | 22,7 | 24,1 |
| Hlutfall barna af erlendum uppruna á Íslandi[2] | 18,7 | 19,6 | 20,6 | 21,5 | 22,4 |

[1]Með erlendum uppruna er átt við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna.

[2]Skv. tölum Hagstofu Íslands, innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið var erlent. Miðað er við stöðu við upphaf hvers árs.

# 2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um þá skyldu að tilkynna barnaverndarnefnd ef einhverjir verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hætta af. Sama gildir ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu. Sérstakar skyldur hafa þeir, sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna til að gera barnaverndarnefnd viðvart.

## 2.1 Fjöldi tilkynninga

Fjöldi tilkynninga á árinu 2020 var 13.183 og er það fjölgun frá árinu á undan um 15,9%. Hins vegar, ef miðað er við fjölda tilkynninga árið 2016, bárust 41,1% fleiri tilkynningar árið 2020.

**Tafla 2-1 Fjöldi tilkynninga**

| Skipting eftir landsvæðum | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Reykjavík | 4.119 | 44,1 | 4.244 | 42,3 | 4.401 | 43,0 | 4.677 | 41,1 | 5.316 | 40,3 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 2.315 | 24,8 | 2.664 | 26,6 | 2.742 | 26,8 | 3.004 | 26,4 | 3.511 | 26,6 |
| Landsbyggð | 2.911 | 31,2 | 3.117 | 31,1 | 3.089 | 30,2 | 3.689 | 32,5 | 4.356 | 33,0 |
| Samtals | 9.345 | 100,0 | 10.025 | 100,0 | 10.232 | 100,0 | 11.370 | 100,0 | 13.183 | 100,0 |

[1]Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.




**Mynd 2-1 Fjöldi tilkynninga**

## 2.2 Hver tilkynnir til barnaverndarnefnda?

Hlutfall tilkynninga frá lögreglu af öllum tilkynningum var lægra árið 2020 en hefur verið undanfarin ár. Árið 2016 voru tilkynningar frá lögreglu 43,9% allra tilkynninga, en 38,9% árið 2020 (sjá *töflu 2–2).* Þá má einnig sjá að hlutfall tilkynninga frá opinberum aðilum var heldur lægra árið 2020 en síðastliðin ár. Almennt, frá 2016, hafa um 72-73% allra tilkynninga verið frá opinberum aðilum, en árið 2020 var þetta hlutfall 67% allra tilkynninga. Þá má bæði sjá að hlutfall tilkynninga frá öðrum en opinberum aðilum hefur aukist sem og frá öðrum ótilgreindum aðilum, en það geta verið einstaklingar, samtök eða aðrir aðilar sem eru í nærumhverfi barns.

**Tafla 2-2 Tilkynningar[1] til barnaverndarnefnda**

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Hver tilkynnir? | | | | | | | | | | |
| Lögregla | 4.099 | 43,9 | 4.288 | 42,8 | 4.362 | 42,6 | 4.754 | 41,8 | 5.126 | 38,9 |
| Skólaþjónusta | 1.167 | 12,5 | 1.252 | 12,5 | 1.352 | 13,2 | 1.631 | 14,3 | 1.585 | 12,0 |
| Leikskóli/dagforeldri | 261 | 2,8 | 228 | 2,3 | 214 | 2,1 | 234 | 2,1 | 250 | 1,9 |
| Heilbrigðisþjónusta | 868 | 9,3 | 1.026 | 10,2 | 1.031 | 10,1 | 1.139 | 10,0 | 1.305 | 9,9 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 191 | 2,0 | 195 | 1,9 | 137 | 1,3 | 191 | 1,7 | 237 | 1,8 |
| Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð | 235 | 2,5 | 249 | 2,5 | 246 | 2,4 | 307 | 2,7 | 331 | 2,5 |
| Opinberir aðilar samtals | 6.821 | 73,0 | 7.238 | 72,2 | 7.342 | 71,8 | 8.256 | 72,6 | 8.834 | 67,0 |
| | | | | | | | | | | |
| Foreldrar barns | 731 | 7,8 | 748 | 7,5 | 823 | 8,0 | 782 | 6,9 | 1.005 | 7,6 |
| Ættingjar | 447 | 4,8 | 507 | 5,1 | 552 | 5,4 | 524 | 4,6 | 757 | 5,7 |
| Barn leitaði sjálft til bvn. | 53 | 0,6 | 73 | 0,7 | 49 | 0,5 | 60 | 0,5 | 70 | 0,5 |
| Nágrannar | 635 | 6,8 | 595 | 5,9 | 673 | 6,6 | 764 | 6,7 | 1.033 | 7,8 |
| Aðrir en opinberir aðilar samtals | 1.866 | 20,0 | 1.923 | 19,2 | 2.097 | 20,5 | 2.130 | 18,7 | 2.865 | 21,7 |
| | | | | | | | | | | |
| Aðrir ótilgreindir | 658 | 7,0 | 864 | 8,6 | 793 | 7,8 | 984 | 8,7 | 1.484 | 11,3 |
| Heildarfjöldi tilkynninga | 9.345 | 100,0 | 10.025 | 100,0 | 10.232 | 100,0 | 11.370 | 100,0 | 13.183 | 100,0 |

[1]Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.




| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Opinberir aðilar samtals | 73,0 | 72,2 | 71,8 | 72,6 | 67,0 |
| Aðrir en opinberir aðilar samtals | 20,0 | 19,2 | 20,5 | 18,7 | 21,7 |
| Aðrir ótilgreindir | 7,0 | 8,6 | 7,8 | 8,7 | 11,3 |

Opinberir aðilar samtals — Aðrir en opinberir aðilar samtals — Aðrir ótilgreindir

**Mynd 2-2 Hlutfall tilkynnenda opinberir aðilar eða aðrir en opinberir aðilar.**

## 2.3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112

**Tafla 2-3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112**

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Tilkynningar til barnaverndarnefnda[1] | 1.005 | 10,8[2] | 1.007 | 10,0[2] | 1.102 | 10,8[2] | 1.136 | 10,0[2] | 1.157 | 8,8 |

[1]Barnaverndarstofa er í samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda.
[2]Hlutfall af heildarfjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda.

## 2.4 Ástæður tilkynninga

Tilkynningum vegna vanrækslu, ofbeldis og í flokknum heilsa/líf ófædds barns í hættu fjölgaði töluvert en tilkynningum vegna áhættuhegðunar voru álíka margar og árið áður.




**Mynd 2-3 Ástæður tilkynninga**

**Tafla 2-4 Ástæður tilkynninga**[1]

| Ástæður tilkynninga | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Vanræksla | 3.695 | 39,5 | 3.837 | 38,3 | 4.264 | 41,7 | 4.770 | 42,0 | 5.696 | 43,2 |
| Drengir | 1.953 | 52,9 | 2.030 | 52,9 | 2.219 | 52,0 | 2.379 | 49,9 | 2.939 | 51,6 |
| Stúlkur | 1.742 | 47,1 | 1.807 | 47,1 | 2.045 | 48,0 | 2.391 | 50,1 | 2.757 | 48,4 |
| Líkamleg vanræksla | 224 | | 226 | | 210 | | 207 | | 244 | |
| Drengir | 133 | 59,4 | 155 | 68,6 | 109 | 51,9 | 109 | 52,7 | 125 | 51,2 |
| Stúlkur | 91 | 40,6 | 71 | 31,4 | 101 | 48,1 | 98 | 47,3 | 119 | 48,8 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 3.075 | | 3.305 | | 3.664 | | 4.169 | | 5.051 | |
| Drengir | 1.622 | 52,7 | 1.725 | 52,2 | 1.874 | 51,1 | 2.066 | 49,6 | 2.605 | 51,6 |
| Stúlkur | 1.453 | 47,3 | 1.580 | 47,8 | 1.780 | 48,6 | 2.103 | 50,4 | 2.446 | 48,4 |
| þar af foreldrar í áfengis– og fikniefnaneyslu | 1.005 | | 1.245 | | 1.426 | | 1.658 | | 2.105 | |
| Drengir | 514 | 51,1 | 632 | 50,8 | 726 | 50,9 | 822 | 49,6 | 1.050 | 49,9 |
| Stúlkur | 491 | 48,9 | 613 | 49,2 | 700 | 49,1 | 836 | 50,4 | 1.055 | 50,1 |
| Vanræksla varðandi nám | 231 | | 178 | | 212 | | 217 | | 246 | |
| Drengir | 132 | 57,1 | 100 | 56,2 | 125 | 59,0 | 127 | 58,5 | 158 | 64,2 |
| Stúlkur | 99 | 42,9 | 78 | 43,8 | 87 | 41,0 | 90 | 41,5 | 88 | 35,8 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 333 | | 282 | | 340 | | 346 | | 447 | |
| Drengir | 174 | 52,3 | 159 | 56,4 | 173 | 50,9 | 164 | 47,4 | 241 | 53,9 |
| Stúlkur | 159 | 47,7 | 123 | 43,6 | 167 | 49,1 | 182 | 52,6 | 206 | 46,1 |

| Ástæður tilkynninga | 2016 | | 2017 | | 2018 | | 2019 | | 2020[2] | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| Ofbeldi | 2.641 | 28,3 | 2.801 | 27,9 | 2.581 | 25,2 | 3.005 | 26,4 | 3.759 | 28,5 |
| Drengir | 1.283 | 48,6 | 1.328 | 47,4 | 1.251 | 48,5 | 1.482 | 49,3 | 1.873 | 49,8 |
| Stúlkur | 1.358 | 51,4 | 1.473 | 52,6 | 1.330 | 51,5 | 1.523 | 50,7 | 1.887 | 50,2 |
| Tilfinningalegt ofbeldi | 1.686 | | 1.710 | | 1.595 | | 1.930 | | 2.460 | |
| Drengir | 850 | 50,4 | 858 | 50,2 | 787 | 49,3 | 980 | 50,8 | 1.257 | 51,1 |
| Stúlkur | 836 | 49,6 | 852 | 49,8 | 808 | 50,7 | 950 | 49,2 | 1.203 | 48,9 |
| þar af heimilisofbeldi | 889 | | 883 | | 803 | | 1.017 | | 1.205 | |
| Drengir | 441 | 49,6 | 435 | 49,3 | 382 | 47,6 | 510 | 50,1 | 646 | 53,6 |
| Stúlkur | 448 | 50,4 | 448 | 50,7 | 421 | 52,4 | 507 | 49,9 | 559 | 46,4 |
| Líkamlegt ofbeldi | 571 | | 694 | | 611 | | 692 | | 898 | |
| Drengir | 325 | 56,9 | 386 | 55,6 | 349 | 57,1 | 402 | 58,1 | 520 | 57,9 |
| Stúlkur | 246 | 43,1 | 308 | 44,4 | 262 | 42,9 | 290 | 51,9 | 378 | 42,1 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 452 | | 449 | | 448 | | 470 | | 516 | |
| Drengir | 131 | 29,0 | 110 | 24,5 | 144 | 32,1 | 145 | 30,9 | 144 | 27,9 |
| Stúlkur | 321 | 71,0 | 339 | 75,5 | 304 | 67,9 | 325 | 69,1 | 372 | 72,1 |
| | | | | | | | | | | |
| Áhættuhegðun | 2.925 | 31,3 | 3.295 | 32,9 | 3.270 | 32,0 | 3.508 | 30,9 | 3.572 | 27,1 |
| Drengir | 1.920 | 65,6 | 2.151 | 65,3 | 2.057 | 62,9 | 2.362 | 67,3 | 2.380 | 66,6 |
| Stúlkur | 1.005 | 34,4 | 1.144 | 34,7 | 1.213 | 37,1 | 1.146 | 32,7 | 1.192 | 33,4 |
| Neysla barns á vímuefnum | 573 | | 552 | | 603 | | 731 | | 599 | |
| Drengir | 332 | 57,9 | 321 | 58,2 | 357 | 59,2 | 471 | 64,4 | 371 | 61,9 |
| Stúlkur | 241 | 42,1 | 231 | 41,8 | 246 | 40,8 | 260 | 35,6 | 228 | 38,1 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 1.071 | | 1.277 | | 1.309 | | 1.250 | | 1.311 | |
